

L Ö G

36
23. maí

um breyting á lögum nr. 44 19. júní 1933, um stofnun happdrættis fyrir Ísland.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Staflíður e) í 1. gr. laga nr. 44 19. júní 1933 orðist svo:

Einkaleyfið til að reka happdrætti má veita til 1. janúar 1974. Ágóðanum skali varið til að reisa byggingar á vegum Háskóla Íslands. Enn fremur er heimilt að verja honum til greiðslu kostnaðar af viðhaldi háskólabyggingarinnar, til fegrunar á háskólalóðinni, til þess að koma á fót og efla rannsóknarstöðvar við hinar ýmsu deildir háskólans, svo og til að greiða andvirði rannsóknar- og kennslutækja, sem háskólinn telur sér nauðsyn að eignast. Leyfishafi greiði í ríkissjóð 20% af nettóársarði í einkaleyfisgjald.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 23. maí 1959.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Guðm. Í. Guðmundsson.

L Ö G

37
23. maí

um breyting á lögum nr. 102 19. júní 1933, um samþykktir um sýsluvegasjóði.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

9. gr. laganna orðist þannig:

Árlega skal veita úr ríkissjóði til sýsluvega upphæð, sem eigi sé lægri en sem nemi 6% af samanlögðu fasteignamatsverði landa og lóða og 3% af samanlögðu fasteignamatsverði húsa í öllum sýslum, þar sem sýsluvegasjóðsgjald er innheimt.

Framlag ríkissjóðs skal þó aldrei vera hærra en tvöföld heildarupphæð innheimtra sýsluvegasjóðsgjalda um allt land næsta ár á undan.

Vegamálastjóri annast skiptingu á framlagi ríkissjóðs samkv. 1. málsg. Skal framlag til sýslu aldrei vera lægra en hún leggur til sýsluvegasjóðs, miðað við 6% fasteignamatsverðs lands og lóða og 3% fasteignamatsverðs húsa. Að öðru leyti skal við skiptinguna aðallega miðað við notkun og lengd sýsluvega í hverri sýslu, en jafnframt skal þó höfð hliðsjón af, hve mikill hluti veganna er lagður, ruddur eða ekki akfær og með hve háum hundradshluta sýsluvegasjóðsgjald er innheimt.

37

23. maí

2. gr.

Í stað 1. málsl. 11. gr. laganna komi tveir málsliðir, þannig:

Nú er samþykkt gerð af sýslunefnd, og skal hún þá send samgöngumálaráðherra til staðfestingar. Virðist honum hún koma í bága við grundvallarreglur laga eða rétt manna eða hafa í för með sér óeðlilega lengingu sýsluvegakerfisins miðað við þá venju, sem myndast hefur í hverri sýslu, er samþykktin endursend án staðfestingar.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi numin 2. gr. laga nr. 50 17. maí 1947, um breyting á lögum nr. 102 19. júní 1933, um samþykktir um sýsluvegasjóði.

Gjört að Bessastöðum, 23. maí 1959.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Emil Jónsson.

38

23. maí

L Ö G

um breyting á lögum nr. 68 5. júní 1947, um eftirlit með skipum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

22. gr. laganna orðist þannig:

Auk hins almenna eftirlits og skyndiskoðana, sem um ræðir í III. kafla, einkum 20. gr., sbr. og 8. gr., eru skoðunargerðir á skipum tvenns konar: aðalskoðun og sérstök aukaskoðun.

2. gr.

c-liður 24. gr. orðist þannig:

Á öllum öðrum skipum ár hvert.
d-liður sömu greinar falli niður.

3. gr.

27. gr. falli niður og greinatalan breytist samkvæmt því.

4. gr.

28. gr. falli niður og greinatalan breytist samkvæmt því.

5. gr.

31. gr. falli niður og greinatalan breytist samkvæmt því.

6. gr.

53. gr. falli niður og í stað hennar komi ný grein, svo hljóðandi:

Fyrir skoðanir á skipum, eimkötlum, mælingu á skipum, útgáfu skirteina, endurskoðun smíðauppráttu og aðrar skoðanir skal eigandi greiða gjöld til ríkissjóðs samkvæmt reglugerð, er ráðherra setur.